



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

60. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn föstudaginn 5. júní kl. 20³⁰ í kennarastofunni. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Eggert Ólafsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Ómar Bjarnþórsson og Valtýr Guðjónsson, ritari skólanefndar.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skólameistari flutti skýrslu um skólaslit:

23. maí lauk vorönn. Brautskráðust 49 nemendur: 2 af tveggja ára viðskiptabraut, 4 atvinnuflugmenn, 18 iðnnemar og 25 stúdentar. Á haustönn brautskráðust 42. Alls luku því 91 námi frá FS veturinn 1980-1981, þar af 43 stúdentar og 25 iðnnemar. Athöfnin fór fram í íþróttahúsinu í Keflavík. Ávörp fluttu Gunnar Sveinsson, Ingibergur Þór Kristinsson, húsasmíðanemi og Elías Geogsson, nýstúdent. Blásarakvartett Tónlistarskóla Njarðvíkur flutti ásamt Atla Ingólfs syni, gítarleikara (og nýstúdent), verkið Divertimento eftir Atla Ingólfsson. - Halla Haraldsdóttir flutti skólanum að gjöf vandaða viðsjá frá Soroptimistaklúbbi Keflavíkur.- Skólameistari flutti yfirlit um starfsemina á síðustu önn og afhenti prófskírteini, en Konráð Ásgrímsson, kennari, afhenti verðlaun. Voru þau mörg að þessu sinni. Verðlaun fyrir lofsverðan námsferil og ágætan árangur hlutu Atli Ingólfsson, Elías Georgsson og Elsa Dóra Gísladóttir. Verðlaun frá Iðnaðarmannafélagi Suðurnesja hlaut að þessu sinni Ólafur Sævar Magnússon, húsasmíðanemi. Skólameistari ávarpaði síðan brautskráða nemendur og sagði skóla slitið. Skólameistari upplýsti að prófárangur hafi í flestum greinum verið viðhlítandi nema byrjunaráföngum í stærðfræði: þar hafi falleinkunnir reynst ískyggilega margar af ýmsum ástæðum. Vegna þess hefur verið ákveðið að halda upprifjunarnámskeið og próf að því loknu í lok ágústmánaðar í stærðfræðiáföngunum 102,103,202, 203 og 212. Námsefni og kröfur verða hinar sömu og fyrir prófið í vor. Þátttökugjald, kr. 50 greiðist við innritun. Ýmsir skólanefndarmenn töldu skólaslitaathöfnina óþarflega tímafreka, en hún tók röskar tvær klukkustundir. Ekki voru allir á einu máli um þetta, en í umræðunum kom fram gagnrýni þess efnis að tvær síðustu fundargerðir skólanefndar hafi ekki verið sendar út.

Gætu sveitarstjórnir því ekki afgreitt þær fyrir sumarleyfi. Skólameistari lofaði að senda þær fljótlega ásamt 60. fundargerð.

2. Skólameistari ræddi sumarstarfið og undirbúning haustannar: skýrslugerðir ýmiss konar, útgáfu vottorða, innritun nemenda og undirbúning kennsluskiptingar og stundaskrárgerðar. Sagði hann að undanfarin ár hafi nemendur verið innritaðir allt til ágúst-loka. Hefur það valdið miklum töfum við stundaskrárgerð og aðra skipulagsvinnu. Kvað hann nauðsynlegt að innritunarfrestur verði að þessu sinni aðeins til 10. júní. Sami frestur verði varðandi val eldri nemenda. Skólanefnd samþykkti því að ganga skuli frá kennsluskiptingu þegar í júní. Þetta telur nefndin nauðsynlegt að auglýsa rækilega. - Samþykkt var tillaga skólameistara um opnunartíma skrifstofunnar í sumar. (Sjá fylgiskjal).

3. Kennararáðningar.

Útlit er fyrir að nemendum fækki næsta skólaár, m.a. vegna fækkunar í 9. bekk grunnskóla á svæðinu, svo og nokkurrar sóknar nemenda af Suðurnesjum í aðra skóla. Getur því þurft að draga eitthvað saman segl um námsframboð. Samþykkt var að fastráða því ekki að sinni kennara sem hér hafa kennt en búsettir eru utan Suðurnesja. Nokkuð var rætt um ástæður til þess að skólafólk af Suðurnesjum leitar í nokkrum mæli til skóla á Reykjavíkarsvæðinu og jafnvel úti á landi þótt námsefni sé svipað og námsaðstaða jafnvel betri hér en þar og sumir kennarar hér séu í fremstu röð. Bent var á að efla þurfi opinber skrif og auglýsingar um skólann í málögnum utan svæðisins.

4. Lögð var fram álitssgerð Gests Einarssonar um nýtingu verk-námshúss að Iðavöllum 1- ásamt teikningu. Þar er áætlað að nauðsynlegar innréttingar og breytingar kosti kr. 151.000, en tækjakostur sem vantar kr. 676.000, - samtals kr. 827.000. Nauðsynleg fjárfesting í sumar til þess að húsið teljist nothæft næsta vetur er þar talin kosta kr. 478.000. Í áætlun Gests er ekki reiknaður með kostnaður við skólplögn og þakrennur.

Skólanefndin fagnaði tillögunum og fól Ingvari Jóhannssyni að fara nánar yfir þær í samráði við skólameistara og formann skólanefndar. Fram kom sú skoðun að hagkvæmast væri að ljúka framkvæmdum í sumar og áður nefndum þremmenningum fengið umboð til þess að taka ákvarðanir í þessum efnum f.h. nefndarinnar. Skólameistari upplýsti að hann hafi ásamt Gest Einarssyni rætt mál þessi við Hákon Torfason, núverandi deildarstjóra byggingadeildar og síðar við Þröst Ólafsson, aðstoðarmann fjármálaráðherra. Kvaðst hann ekki vita hvort menntamálaráðuneytið hafi sent fjármálaráðuneytinu

tillögu um framkvæmdir í sumar í framhaldi af fundinum með Hákonni, en væri svo hlyti hún að taka mið af álitsgerð Gests. Skólanefndin taldi nauðsynlegt að ræða mál þetta við fjármálaráðherra og fól skólameistara að reyna að koma á fundi með honum og fulltrúum nefndarinnar.

Samþykkt var að fara þess á leit við Sigurð Erlendsson að hann tæki að sér umsjón með framkvæmdum við verknámshúsið, en Erlendur Jónsson beðinn að annast um alla trévinnu.

Síðan var rætt um framkvæmdir í skólahúsinu sjálfu. Hreinlætisaðstöðu þarf að koma í lag að kröfu heilbrigðiseftirlits, endurnýja þarf teppi á göngum fyrstu hæðar og helst að fullgera skrifstofu samkvæmt teikningu. Rætt var um útboð í þessu sambandi og þau talin æskileg þar sem við verður komið.

Valtýr upplýsti að 680.424 kr. hafi verið varið í fjárfestingu á árinu.

5. Lögð var fram fjárhagsáætlun fyrir árið 1982 vegna fjárlaga-gerðar. Samkvæmt henni verða laun vegna kennslu og vinnu á bókasafni alls kr. 4.908.690, laun sem falla undir önnur rekstrargjöld kr. 1.272.700, en önnur rekstargjöld kr. 2.083.020. Stofnkostnaðaráætlun er ekki fullgerð, en skólameistara var falið að ganga frá henni í samræmi við skoðanir sem fram komu á fundinum. Talið var líklegt að upphæðin yrði í grennd við 1.100.000.

6. Valtýr lagði fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dagsett 29.5.1981. Eru þar staðfestar niðurstöður ársreiknings fyrir 1980. Ráðuneytið leggur hins vegar fram kröfu á hendur sveitarfélögunum vegna öldungadeildarkennslu 1979 og 1980, samtals g.kr. 26.877.177- og endurkröfur vegna ýmissa greiðslna frá launadeild fjármálaráðuneytis g.kr. 5.315.250. Alls g.kr. 32.192.422.

Samþykkt var að fela formanni skólanefndar og Jóni Hólmgeirssyni að óska eftir fundi með fulltrúum menntamálaráðuneytisins þar sem mál þessi yrðu rædd og ganga úr skugga um hvort niðurstöður ráðuneytisins eru í samræmi við rekstrarsamning þess við sveitarfélögin um 50% þátttöku í rekstri.

6. Önnur mál.

a) Skólanefnd samþykkti að fara þess á leit við menntamálaráðuneytið að skólameistari verði leystur frá kennsluskyldu frá og með næsta hausti.

- b) Formaður skýrði frá að Ingvar Jóhannsson sem verið hafur í nefndinni frá upphafi hafi orðið fimmtugur 26. maí s.l. Af því tilefni færðu skólameistari og formaðurinn Ingvari heillaóskir og bók að gjöf í nafni skólanefndarinnar. Þessu var fagnað. Flutti Ingvar nefndinni þakkir fyrir auðsýndan sóma.
- c) Vigdís Gunnarsdóttir sem starfað hefur á skrifstofu skólans undanfarin 4 ár og unnið þar frábært starf hyggst hætta störfum með haustinu sökum þess að hún mun flytja búferlum héðan. Samþykkt var að auglýsa starfið frá 1. september n.k.

Fleira var ekki gert.

Valtýr Guðjónsson, fundarritari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

ekki skipt

F J Ö L B R A U T A S K Ó L I S U Ð U R N E S J A

Sumarið 1981 verður skrifstofa skólans opin sem hér segir:

1. - 19. júní:	Kl: 9 - 12 og 13 - 16
22. - 30. júní:	Kl: 9 - 12
10. - 21. ágúst:	Kl: 9 - 12
24. - 31. ágúst:	Kl: 9 - 12 og 13 - 16

Skrifstofan verður lokuð 1. júlí - 9. ágúst að báðum dögum meðtöldum.

Stjórnendur skólans skipta þannig með sér verkum að Jón Böðvarsson, skólameistari verður til viðtals í júní, en Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari og Ægir Sigurðsson, áfangastjóri í ágústmánuði.

Skólameistari